

GJALDSKRÁ

Selfossveitna bs.

Rafmagn.

Allt verð er án virðisaukaskatts. Á það leggst virðisaukaskattur eins og hann er hverju sinni og kveðið er á um í viðeigandi lögum og reglugerðum.

I. Raforkugjöld.

Selfossveitur bs. selja rafmagn á orkuveitusvæðum Rafveitu Eyrarbakka, Rafveitu Selfoss og Rafveitu Stokkseyrar á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1	Almenn notkun	6,11	kr/kWh
A.2	Vinnuvélar, vinnuljós, o.þ.h.	9,98	kr/kWh
A.3	Utanhússlýsing	29.956,50	kr/kW/ár
A.4	Sumarhús	4,12	kr/kWh
B.1	Iðnaður; rafvélar o.þ.h.		
	- orkugjald	2,15	kr/kWh
	- aflgjald	9.471,00	kr/kW/ár
C.1	Rofin hitun; roftími 1 x 60 mín.		
	- á tímabilinu frá 1. maí - 30. september	2,10	kr/kWh
	- á tímabilinu frá 1. október - 30. apríl	4,40	kr/kWh
C.2	Rofin hitun; roftími 2 x 90 mín.	3,48	kr/kWh
	niðurgreiðsla (af Selfossveitum)	1,38	kr/kWh
C.3	Næturhitun; roftími allt að 12 klst.	2,10	kr/kWh
D.1	Hitun í iðnaði		
	- næturtaxti 20:00 - 08:00	2,10	kr/kWh
	- dagtaxti 08:00 - 20:00	6,83	kr/kWh
D.2	Húshitun; niðurgreidd	3,48	kr/kWh
	niðurgreiðsla	2,08	kr/kWh

Auk ofangreindra orku- og/eða aflgjalda greiðir notandi fast gjald samkvæmt töflu hér á eftir.

II. Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Aflgjaldsmæling (B.1)

Gjaldskrártaxti B.1 tekur til allrar notkunar viðkomandi húsveitu og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1 veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald skal ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur skal fara fram í lok hvers mánaðar.

Lámarsaflgjald er miðað við 15 kW. Heimilt er að veita notanda með lægra meðalgildi en 15 kW að kaupa rafmagn skv. B.1 enda greiði hann þá lámarksaflgjaldið.

2. Hitun.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar til 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- a. að aflnotkun (álag) sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunar.
- b. að raftaugar nærliggjandi dreifikerfis og rafspennir þoli álagið.
- c. að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði af honum leigugjald samkvæmt gjaldskrá (sjá töflu um mælagjald).
- d. að hitunartæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirætlum rafveitunnar m.a. að ofnar og önnur hitunartæki séu fasttengd.

3. Launafl.

Fasviksstuðull hjá notanda skal að jafnaði ekki vera lægri en 0,9. Heimilt er að krefja notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sem nemur meira en 50% af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjald þetta skal nema hálfu aflgjaldi sbr. B.1.

4. Takmarkanir.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, er heimilt að takmarka val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gera sérstakan afhendingar-samning. Þar sem flutningsgeta dreifikerfishluta (taugar og/eða spennar) er takmarkað, áskilja Selfossveitur bs. sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárlíðum þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð eða húsnæði undir stöðina, veitunni að kostnaðarlausu. Viðkomandi notandi skal í öllu hlíta skilmálum veitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar, staðsetningu stöðvar og frágang innan stöðvar og í nánasta umhverfi hennar.

III. Fast gjald.

Selfossveitur bs. ákvarða stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja húsveitu.

Notandinn skal greiða fast gjald fyrir hvert mælitæki sem hér segir:

Orkumælir; einfasa	2.669 kr/ár
Orkumælir; þrífasa	5.873 kr/ár
Orkumælir; þrífasa með straumspennum	7.296 kr/ár
Orkumælir fyrir sumarhús	13.560 kr/ár
Aflmælir	7.258 kr/ár
Aflmælir með straumspennum	8.065 kr/ár
Tvígjaldsmælir	7.294 kr/ár
Klukka	635 kr/ár

IV. Heimtaugargjöld.

Veitustjóri ákvarðar stærð og gerð heimtauga og/eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

Málstraumur heimtauga miðast við stærð stofnvara húsveitu og/eða áætlaða hámarks straumáraun viðkomandi húsveitu.

Yfirlengd varanlegrar heimtaugar miðast við jarðstrengstaug lengri en 10 m og loftlínutaug lengri en 15 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu. Taka skal tillit til aðstæðna í hverju tilviki. Yfirlengdargjald skal greitt skv. viðeigandi töflu.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi stofntaug að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald skv. töflu þar um.

Leita skal samþykkis veitunnar um staðsetningu inntaks heimtaugar.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annara aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

Heimtaugargjöldin gilda fyrir skipulögð hverfi. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Varanleg heimtaug.

Málstraumur	Stofngjald
1 x 63 A	52.107 kr.
3 x 63 A	56.450 kr.
3 x 100 A	89.589 kr.
3 x 200 A	177.128 kr.
3 x 315 A	281.132 kr.
3 x 400 A	358.814 kr.
3 x 710 A	637.641 kr.
3 x 1200 A	1.071.877 kr.

Bráðabirgðaheimtaug.

Málstraumur	Stofngjald
1 x 63 A	14.082 kr.
3 x 63 A	18.991 kr.
3 x 100 A	24.211 kr.

Yfirlengdargjald.

Málstraumur	
1 x 63 A	247 kr/m
3 x 63 A	277 kr/m
3 x 100 A	308 kr/m

V. Önnur gjöld og ákvæði.

Gjald fyrir greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúningi á lokun.....	450 kr.
Gjald fyrir enduropnun húsveitu	1.365 kr.
Aukaálestur	546 kr.

Selfossveitur bs. hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxa þar um.

Selfossveitum bs. er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Selfossveitna bs. Rafmagn, nr. 388 frá 30. október 1992 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 11. apríl 1995.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.

I. KAFLI

Orðaskýringar og yfirstjórn.

1. gr.

Orðaskýringar.

1.1 Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

- Alifugl:** Hænsnflugl, alinn til framleiðslu á kjöti og eggjum, svo og kalkúnar, endur og gæsir.
- Alifuglabú:** Staður ásamt nauðsynlegum húsakynnum og búnaði, þar sem stunduð er alifuglarækt. Bú með færri en 50 fugla eða ársframleiðslu sem svarar 800 kg af eggjum, eru hér undanskilin.
- Dýralæknir alifuglasjúkdóma:** Dýralæknir sem hefur aflað sér staðgóðrar sérþekkingar í sjúkdómum og eldi alifugla að loknu dýralæknisprófi.
- Foreldrafugl:** Stofnflugl af holda- og varpfluglakyni, sem notaður er til framleiðslu á útungunareggjum.
- Kjúklingur:** Alifugl af holdakyni sem slátrað er yngri en 12 vikna.
- Útungunarstöð:** Staður, ásamt nauðsynlegum húsakosti og búnaði, þar sem stunduð er útungun á alifuglaeggjum í vélum, hvort heldur ungarnir eru ætlaðir til sölu eða til nota á eigin búi.
- Varphænsni:** Alifugl sem notaður er til framleiðslu á neyslueggjum.